

Alþingi  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2012

**Varðar: frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, með síðari breytingum (kærufrestur, breyting á samningi um greiðsluaðlögun o.fl.), þingskj. 1131-698. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010. SFF komu á fund nefndarinnar þann 28. mars sl. þar sem sjónarmið samtakanna komu fram. Hér verða þessi sjónarmið ítrekuð. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er unnið að heildarendurskoðun laganna í Velferðarráðuneytinu og telja SFF nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á lögnum. Hafa samtökin m.a. sent Velferðarráðuneytinu bréf þar sem farið er yfir þau atriði sem samtökin telja nauðsynlegt að tekin verði til endurskoðunar. Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér eru aðeins hlutiaf þeim atriðum sem þarf að breyta eða bæta í lögnum og atriðum er sleppt sem myndu auðvelda og flýta mikið fyrir ferlinu, skuldurum og kröfuhöfum til hagsbóta. Hér fyrir neðan koma athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

### 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að Umboðsmanni skuldara verði veitt heimild til að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði sem héraðsdómari ákveður á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti o.fl. SFF telja mikilvægt aðskuldarar geti nýtt sér þá leið að fara fram á gjaldþrot til að geta byrjað með hreint borð á loknum 2 ára fyrningarfresti. En hér er ekki aðeins gert ráð fyrir því að kröfuhafar afskrifi kröfur skuldara heldur er einnig gert ráð fyrir að þeir greiði kostnað af gjaldþrotinu, þar sem að það eru fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög sem standa straum af rekstri Umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds samkvæmt lögum nr. 166/2011. Kostnaður við rekstur embætti Umboðsmanns skuldara er nú þegar orðinn um 1 milljarður á ári. Um 70% af þeim kostnaði er greiddur fjármálafyrirtækjum. Enn meiri kostnaður bætist við ef ákvæðið verður samþykkt.

Ekki hefur farið fram mat á því hversu margir munu nýta þessa leið og hver kostnaður af henni verður. SFF telja óeðlilegt að kröfuhafar greiði kostnað af gjaldþrotaskiptum sem skuldarar krefjast að fram fari á eigin búi. Með ákvæðinu er gjaldþrot í raun orðið að úrræði fyrir aðila í skuldavanda en SFF telja það varhugavert að yta fólki út í gjaldþrot, en það er hættu á að það verði áhrif frá ákvæðinu. Með því fæst ekki lausn við tekjuvanda fólks sem yfirleitt er hið raunverulega vandamál þegar greiðsluaðlögun er hafnað. Sé það vilji löggjafans að greiða kostnað við gjaldþrot fyrir ákveðinn hóp er nærtækara er að fara einhvers konar gjafsóknarleið þannig að ríkið taki þennan kostnað á sig. Frumvarp þingmannsins Eyglóar Harðardóttir, þingskj. 529- 391. mál gekk út á þetta og styðja SFF þá leið sem þar er lögð til.

### **c. liður 7. gr. (26. gr. )**

Í greininni eru lagðar til töluverðar breytingar á VII. kafla laganna um breytingu á samningum og ógildingu samninga. Það eru skiptar skoðanir meðal kröfuhafa um þessa breytingu en það er ljóst að vanda þarf vel til verka. SFF leggja til að fresta afgreiðslu þessa ákvæðis og að ákvörðun verði tekin af vel ígrunduðu máli við heildarendurskoðun laganna.

Í bréfi dags., 24. febrúar sl., sem SFF sendu Velferðarráðuneytinu vegna endurskoðunar á lögnum er farið yfir þau atriði sem SFF telja nauðsynlegt að breyta í lögnum. Hér verður þó stuttlega fjallað um þau atriði sem SFF telja hvað brýnast að verði tekin upp í lög.

#### **Hjón og sambúðarfólk**

Reynslan af því að hjón og sambúðarfólk fari í greiðsluáðlögun í sitt hvoru lagi eða einungis annað þeirra er ekki góð. Frumvörp umsjónarmanna gera yfirleitt ráð fyrir hluta af framfærslu og jafnvel hluti af skuldum hjóna sem ekki er í greiðsluáðlögun. Það skekkir stöðu skuldarans. Lagt er til að hjónum og sambúðarfólki verði gert skylt að fara saman í gegnum greiðsluáðlögun.

#### **Verðmat/ fasteignamat**

Samkvæmt 14. gr. laganna á umsjónarmaður eftir þörfum að afla mats á verðmæti þeirra eigna sem skuldara er ekki gert að selja. Algengt er að umsjónarmenn styðjist við fasteignamat eða ákveði sjálfir verðmæti eignarinnar án þess að það mat sé rökstutt né sýnt fram á hæfi umsjónarmanns til að gera slíkt verðmat. Eðlilegt er að afla verðmats enda byggja greiðslur á fasteignaveðkröfum á því hvert verðmæti eignarinnar er. Einnig þyrfti að skilgreina betur hvenær réttlæt看legt er að nota verðmat sem er lægra en greiðslumat. Lagt er til að umsjónarmönnum verði gert skylt að afla verðmats löggilts fasteignasala á fasteignum.

#### **Námsmenn**

Í 1. mgr. 2. gr. segir að umsækjandi um greiðsluáðlögun þurfi að geta sýnt fram á að hann sé eða verði um ófyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Erfitt er að meta framtíðarhorfur einstaklings sem er í námi og óeðlilegt að miða við tekjur einstaklinga í slíkri stöðu. Eðlilega verður að gera ráð fyrir að tekjur einstaklinga muni aukast þegar námi lýkur. Lagt er til að ekki verði litið á Lín framfærslu sem framtíðartekjur námsmanna í greiðsluáðlögun.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur